

Evu lausri Eden, þar sem dýrin og fuglarnir undu sér og margfölduðust, en hann var Adam og varð að búa einsamall.

Tveir dagar komu og fóru cg ekkerí bar til tíðinda, en að astui hins þriðja dags kom hin dökkhærða dóttir Indiánans enn á ný. Í þetta sinn flutti hún honum gjafir og vinakveðjur frá föur sínum, og einnig þurkað nautakjöt sem gjöf frá sjálfrí sér. Bannihan hafði kert nokkur ósamistæð orð í Cree-tungunni, og nú huýtti hann þeim saman til að þakka stúlkunni syrir velgjörning sinn og föður hennar. Hann kveikti því næst upp eld, hitaði upp gamlar baunir sem hann átti, steikti nokkra nýja silunga, hitaði kaffi og settist síðan að þessum kræsingum með gesti sínum. Eins og allir Cree-Indiánar, talaði hún miklu skýrara og skiljanlegra mál heldur en viltir Rauðskinnar. Faðir hennar var líka alþektur mælskumaður, cíðheipinn cg skáldmæltur.

Þar sem Írinn og Indiánastúlkán sátu nú þarna augliti til auglitis yfir matarleisunum, datt honum í hug að gaman væri að vita nafn hennar. Harn spurði hana því að heiti og hún svartadi honum í stuttum hjákátlegum orðum yndum sem hljómuðu líkast hlekkja hljóði í vagntengzum. Honum kem til hugar að það væri gaman að vita hvað það þyddi alt saman. Hann spurði hana því um þýðingu nafnsins.

Það birti alt í einu yfir brúna andlitinu þegar hún fór að útskýra fyrir honum að það þyddi: fugl — lítill fugl — lítill söngfugl og smámi saman hafði hann náð allri meiningu þess. — „Kallaðu mig“ sagði hún „til að stytta það, Kah-Moo-We-Hea-Yah-Cess.“ Það er „Söngfuglinn“.

Svo hélt hún áfram að segja honum hvernig þetta nafn væri til orðið, eða öllu heldur hvernig hún væri til orðin eftir þeim skilningi sem hún lagði í það, og það var ómögulegt annað að segja en að brúna ásýndin hennar yrði falleg meðan hún í barnslegri einfeldni sagði sögu sína.

„Fyrir mörgum, mörgum árum síðan.“ byrjaði hún, — hún var átján ára í það heila — „bjuggu þau faðir minn og módir mínn alein hér úti í óbygðunum. Þá voru þau ung — eins ung eins og eg og þú — og þau voru fjarska, fjarska einmana hér úti í fjöllunum. Svo þau báðu Wes-a-ka-chack að senda sér ósköp